

## Skýrsla keppnisráðs AKÍS í rally 2021

Keppnisráðið í rally er þannig skipað:

Aðalsteinn Símonarson – BÍKR, formaður,

Baldur Haraldsson – BS,

Garðar Gunnarsson – AIFS,

Tryggvi M Þórðarson – KK.

Ráðið hefur frá ársþingi AKÍS í mars haldið 9 bókaða fundi, hægt er að sjá fundargerðir þeirra á [www.akis.is/rally/](http://www.akis.is/rally/).

Auk þess var samráð haft um ýmis málefni milli funda, t.d. með símtölum og tölvusamskiptum.

Keppnisárið 2021 í rally gekk í heildina vel. Íslandsmótið í sérleiðarally samanstóð af fimm keppnum, sem er sami fjöldi og flest undanfarin ár. Auk þess hélt KK keppni í eRally / nákvæmnisakstri í júlí og taldi sú keppni sem Íslandsmót, en var einnig hluti af heimsmeistarakeppni FIA. Þá hélt KK einnig Hill rally í ágúst en ekki hafa verið haldnar margar slíkar keppnir hérlandis áður en þegar er búið að auglýsa keppni árið 2022.

Engin kærúmál komu upp í keppnum ársins en í nokkrum tilfellum kom til kasta dómnefnda varðandi túlkun á reglum eða framkvæmd keppni. Áberandi var hve dómnefndir voru eftirláts samar við keppendur með undanþágur frá því að mæta í skoðun á auglýstum tíma. Hefur keppnisráðið beint því til keppnishaldara að hafa skoðun nær keppni og tryggja sem best að allir mæti á auglýstum tíma.

Fjöldi skráðra ökutækja var áberandi minni 2021 en undanfarin ár eða 12,8 að meðaltali í hverri keppni, samanborið við 15,6 árið 2020, 16 árið 2019 og 19 árið 2018. Er þessi fækkun mikið áhyggjuefni og tilefni til að skoða mögulegar ástæður.

Þrátt fyrir færri skráningar var nýliðun svipuð og undanfarin ár; þannig tóku 3 ökumenn og 6 aðstoðarökumenn þátt í sinni fyrstu keppni sem slíkir á þessu ári.

Keppnisráðið í rally ákvað á fundi sínum s.l. haust að leggja til við stjórn AKÍS að viðmiðunarlíni ökumanna í rally verði breytt þannig að þeir sem náð hafi 15 ára aldri megi aka ökutækjum á sérleiðum. Stjórn AKÍS staðfesti þetta aldursviðmið síðasta vetur en enn hefur ekki verið hægt að heimila þeim sem eru 15 ára að aka á sérleiðum þar sem ekki er skýr heimild í reglugerð Dómsmálaráðuneytisins um að þetta sé heimilt. Skrifstofa og formaður AKÍS hafa eitthvað reynt að þrýsta á um að fá niðurstöðu í málið án árangurs. Er mjög mikilvægt að þetta mál verði klárað hið allra fyrsta enda eru ungir ökumenn einn af stærstu möguleikunum við fjölgun keppenda.

Óverulegar breytingar verða gerðar á reglum um rally fyrir árið 2022, en þó verður bætt við tveimur nýjum keppnisflokkum. Eru það flokkar fyrir fremur lítið breytt ökutæki með drif á einum öxli, eitthvað sem gæti hjálpað til við nýliðun og fjölgun keppenda.

Keppnisráðið hefur ákveðið að Íslandsmótið í sérleiðarally 2022 verði mótaröð. Ekki hafa komið beiðnir um að keppnir í öðrum greinum rally verði til Íslandsmeistara.

F.h. keppnisráðs AKÍS í rally,

Borgarnesi 13.nóvember 2021

Aðalsteinn Símonarson